

Lög Foreldrafélags Húsaskóla

1.gr.

Heiti félagsins

Félagið heitir Foreldrafélag Húsaskóla. Allir foreldrar og forráðamenn nemenda í Húsaskóla eru lögbundnir aðilar að félaginu.

2. gr.

Hlutverk og markmið

Hlutverk félagsins er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Markmið félagsins er að vinna í hvívetna að heill og hamingju nemenda skólans og hvetja til virkrar þátttöku foreldra í skólastarfinu.

Markmiðum sínum hyggst félagið ná með;

gagnkvæmu upplýsingastreymi milli heimilis og skóla.

því að vinna að góðri aðstöðu nemenda til tómsundastarfs.

fræðslu til foreldra og starfsfólks skólans.

3.gr.

Hlutverk bekkjarfulltrúa, kosning og skipan í nefndir

Hlutverk bekkjarfulltrúa er að stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan hvers árgangs og umsjónarhóps. Þeir gegna hlutverki verkstjóra með því að halda utan um verkefni og miðla þeim áfram. Þeir eru tengiliðir foreldra og umsjónarkennara ef koma þarf sérstökum málum á framfæri við stjórn foreldrafélags eða skólaráð.

Æskilegt er að bekkjarfulltrúar séu minnst þrjú til fjórir í hverjum árgangi og a.m.k. einn komi úr hverjum umsjónarhópi. Foreldrar hverrar bekkjardeildar velja einn nýjan bekkjarfulltrúa í síðasta lagi fyrir lok maí ár hvert og situr a.m.k. einn áfram. Það er á ábyrgð fráfarandi bekkjarfulltrúa að leitast við að útvega fulltrúa í sinn stað. Fráfarandi bekkjarfulltrúum ber að miðla upplýsingum og gögnum sem tengjast foreldra- og bekkjarstarfi til nýrra fulltrúa.

Bekkarfulltrúar fyrir væntanlegan 1. bekk eru valdir á kynningarfundum foreldra í skólanum að vori eða í síðasta lagi á fyrsta fundi að hausti.

Stjórn boðar bekkjarfulltrúa á a.m.k. tvo fundum á vetri, í 1. – 2. viku skólaársins og 2.-3. viku janúar. Á þessum fundum er farið yfir verkefni vetrarins og raðað í verkefnahópa. Fulltrúar verkefnahópa bera ábyrgð á framkvæmd verkefnanna og fá til liðs við sig foreldra.

Fastir stjórnarfundir skulu standa bekkjarfulltrúum opnir og eru þeir hvattir til að koma á framfæri hugmyndum foreldra sem miða að því að efla samstarf og jákvæðan anda í foreldrastarfi.

Einn bekkjarfulltrúi úr hverjum árgangi situr í stjórn foreldrafélagsins. Bekkarfulltrúar hvers árgangs koma sér saman um hver þeirra býður sig fram til stjórnarsetu og í hvaða röð hinir eru til vara. Kosið er um stjórn á aðalfundi sbr. 4 gr. laga. þessara.

Stjórn er skipuð formanni, gjaldkera, ritara og 7 manns einum úr hverjum árgangi og 7 til vara einn úr hverjum árgangi . Fulltrúar foreldra í skólaráði eru áheyrnafulltrúar í stjórn.

4. gr.

Aðalfundur

Fráfarandi stjórn skal undirbúa og boða til aðalfundar með viku fyrirvara í lok hvers skólaárs.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

- Skýrsla fráfarandi stjórnar.
- Ársreikningur liðins skólaárs.
- Kosning í skólaráð.
- Kosning skoðunarmanns ársreiknings.
- Kosning stjórnar.
- Ákvörðun verkefnasjóðsgjalds.
- Önnur mál.

5. gr.

Reikningsár

Reikningsár stjórnar er 12 mánuðir og skal vera lokið 7 dögum eftir vorhátíð skólans. Tekjur félagsins skulu vera verkefnasjóðsgjald, svo og aðrar tekjur sem stjórnin aflar. Stjórnin sér um að ráðstafa fjármunum samkvæmt einföldum meirihluta þess fundar þar sem útgjöld eru samþykkt.

6. gr.

Fundarritun

Stjórn skal halda gerðabók um það sem fram fer á fundum stjórnar og skulu fundargerðir vera lýsandi fyrir það sem fram fer á fundum og greina frá ákvörðunum sem samþykktar eru. Fundargerðir skulu vera aðgengilegar á heimasíðu skólans.

7. gr.

Breytingar / gildistaka

Lögum þessum má breyta á aðalfundi ár hvert, enda sé það tilkynnt í fundarboði með minnst tveggja vikna fyrirvara.

Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

Lög þessi taka gildi 8. júní 2015 og um leið falla lög félagsins frá 26. maí 2011 niður.